

Vegir liggja til ALLRA átta
Fullt sjálfstæði næstu 1000 ár

www.tilveraniesb.net

Hin Seinni Stóra Heimskreppa að hefjast í Evrópusambandinu?

Mánudagur, 12.1.2009

Mánudagur, 12.1.2009

The second Great Depression að hefjast í Evrópusambandinu

Hin Seinni Stóra Heimskreppa að hefjast í Evrópusambandinu?

Greining Glitnis greinir frá því í dag að Alþjóða Gjaldeyrissjóðurinn (AGS) vanti fjármuni í áframhaldandi aðstoð við ríki Jarðar og þá einkum til aðstoðar við hin svokölluðu nýmarkaðslönd.

En það sem er umhugsunarvert í góðum pósti Glitnis í dag er að miklir fjármunir sjóðsins hafa farið í að hjálpa löndum í Evrópusambandinu og nágretta þess Úkraínu.

Hjálp

Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því hvaða erfiðu ástæður liggja á bakvið þessar lánveitingar. En í sundurliðun Glitnis segir að stærsta fjárveitingin hafi farið til Úkraínu. Sundurliðun:


- Úkraína fékk 16,4 miljarða dala frá AGS
- Evrópusambandsríkið Ungverjaland fékk 15,7 miljarða dala frá AGS
- Evrópusambandsríkið Lettland fékk 1,7 miljarða dala frá AGS
- Serbía fékk 518 miljónir dala frá AGS

En hvað er það sem meðal annars er svona erfitt í Úkraínu? Jú ein af ástæðunum fyrir stórkostlegum vandamálum Úkraínu – og allra landa Austur Evrópu, sem flest eru nú komin inn í Evrópusambandið – er sú að fólkinu fækkar og þá sérstaklega ungu fólki. Þetta er einnig sú þróun sem er vel á veg komin í eldri og stærri löndum Evrópusambandsins. Þar er þróunin bara ekki komin á sama stig og í Austur Evrópu, ekki ennþá.



Mynd: fæðingar og dauðsföll í Úkraínu

Árið 1989 fæddust 700.000 börn í Úkraínu en tíu árum seinna eða árið 1998 fæddust einungis 400.000 börn í Úkraínu. Þetta er 40% fækkun fæðinga á aðeins 10 árum! Þetta þýðir að á næsta ári munu um 650.000 18 ára ungmenni hugsanlega geta bæst við við vinnuafli Úkraínu. Menn geta svo ímyndað sér hvaða áhrif þessi fækkun barnseigna hefur á samfélag Úkraínu og á alla eftirspurn eftir vörum, þjónustu og fjárfestingum sem alltaf fylgja nýju ungu fólki sem er að stofna heimili, börn og buru.



Mynd: fólksfjöldi í Úkraínu

En það sem er öllu og miklu verra er það að árið 2016 mun Úkraína aðeins fá um 400.000 nýja einstaklinga til starfa á vinnumarkaði sínum. Þá mun atvinnuleysi að sjálfsögðu minnka á pappírnum en samfélagsvélin mun samt verða orðin svo aflvana að hún mun ekki geta dregið hlassið með öllum þeim sem sitja í lestinni fyrir aftan eimreiðina og bíða eftir því að greiðslur berist fyrir farmiðanum frá hinu opinbera. Skattatekjur munu verða af svo skorum skammti, því hver á að vinna þá vinnu sem á að skila skattatekjum og hver vill fjárfesta í nýjum atvinnurekstri í landi sem er á leiðinni til að útrýma sjálfu sér. Einnig vilja erlendir aðflytjendur síður flytja og búsetja sig í löndum sem eru að staðna eða útrýma velmegun á þennan hátt. Þetta er einnig sú þróun sem við erum byrjuð að sjá hinum gamla – og að því er virðist – lífsþreytta kjarna hinna eldri landa Evrópusambandsins.



Mynd: fæðingartíðni í Úkraínu – til að samfélag geti viðhaldið sér sjálf þá þarf hver kona að meðaltali að eingast a.m.k. tvö börn á æfi sinni.

Það er meðal annars vegna þessa sem ég álit að Evrópusambandið sé að fara á hausinn því aðeins fáir munu vilja fjárfesta þar í framtíðinni, því hvar á að sækja vinnuafli sem vill láta féfletta sig í skattþíningar-paradís sem þar verður að vera því það þarf jú að fjármagna rekstur hinnar ofurstóru og peningabyrstu opinberu eimreiðar samfélagsins. Atvinnuþátttaka er hneyksli í flestum löndum Evrópusambandsins einmitt nú þegar. En þetta á aðeins eftir að versna.

En hverjir eiga peninga í klemmu í Austur Evrópu? Jú að sjálfsögðu bankakerfi Evrópusambandsins! Þessir peningar munu brenna stór göt í vasa hluthafa í stærstu bökum Evrópusambandslanda. Ríkið hvar ertu?



Mynd: Líkur æfilengdar í Úkraínu, ár

Íslenska V8 aflvélin

Það er því ekki undarlegt að sendinefnd AGS til Íslands segi að Ísland muni ná sér hratt aftur því hin öflugra V8 strokka aflvélin íslenska samfélagsins, sem er algerlega einstök, mun geta þenað hratt inn það sem tapast hefur því þegar 83 af hverjum 100 þena peninga og leggja inn í bú þjóðarframleiðslunnar, þá munu þeir miklu hraðar geta náð tökum á erfiðri aðstöðu heldur en í samfélögum þar sem aðeins 56 af hverjum 100 vinna og þena peninga. Svo einfalt er þetta.

Euroclerosis

Ef þegar Evrópusambandsins eru svona ákafir í að útrýma sér sjálfir þá meiga þeir það mín vegna. Allt í lagi. En það er alveg ástæðulaust að Ísland smitist af þessum samfélagssjúkdómi sem ber nafnið Euroclerosis. Hvorki Ísland né Bandaríkin eiga við þennan sjúkdóm útrýmingarþráhyggju að stríða. Þess vegna munu bæði þessi lönd halda áfram að spretta hröðu spori fram úr efnahag Evrópusambandsins, eins og þau eru einmitt alltaf að gera, ár fyrir ár. Þess vegna er einnig hægt að halda gulrótinni ferskari á Íslandi og í Bandaríkjunum því skattar þegnana þurfa ekki að nálgast 60.000 feta lofthæðir

til að standa undir fitusprengrum rekstri eimreiðar hins opinbera og sjúka áætlunarbúskapar í ESB.

Allir góðir bændur vita að hugsi þeir ekki fyrir framtíðinni með því að sá það miklu að þeir eigi útsæði afgangi til að getað sáð vel fyrir næstu uppskeru á næsta ári, að þá verður einmitt lítil sem engin næsta uppskera og hungrið mun sverfa að.

Brussel

Það er því ekki að ástæðulausu að hagvöxtur Evrópusambandsmanna er alltaf að verða lélegri og lélegri í takt við að áhrif eyðingaraflla Evrópu aukast. En eyðingaröflin, Eurosclerosis, eru með aðalstöðvar sínar í borginni Brussel sem er bær í Belgíu og staðsett á meginlandi Evrópu. Það er þar sem tilraunastofan með öllum sýklunum er staðsett.

Uppfært (13. janúar 2009)

Kæru lesendur. Einn lesenda þessa bloggs skrifaði athugasemd við þennan pistil. Hana má lesa í athugasemdum sem fylgja pistlinum hér að neðan.


Lesandinn setti útá að ég tengdi málefni Úkraínu við málefni

Evrópusambandsins. En eins og ég skrifaði í fyrstu línunum þessa pistils þá hafa fjármunir AGS farið í að hjálpa löndum í Evrópusambandinu og nágretta þess Úkraínu. En ég birti ekki sambærilegar myndir/tölur/upplýsingar um öll lönd Evrópusambandsins. Hér með bæti ég úr þessu með því að bæta inn eftirfarandi fjórum næstu myndum sem sýna vandamálið í hnotskurn. Seinna mun ég koma með sundurliðað og nákvæmt yfirlit yfir öll lönd Evrópusambandsins. Þetta er alvarlegt mál fyrir framtíð Evrópusambandsins og er kanski best lýst með eftirfarandi tveim myndum:

Fólksfækkun í ESB 2008 til 2060

Heimild: The European Commission 26. ágúst 2008

Figure 3: Projected total population change over the projection period 2008-2060 (2008=100) for the EU Member States, Norway and Switzerland



Source: Eurostat, EUROPOP2008 convergence scenario


Mynd: Spá um þróun fólksfjölda í Evrópusambandinu fram til ársins 2060

Ísland séð í samhengi við fólksfækkun ESB

PGDA Working Paper No. 32

The High Cost of Low Fertility in Europe¹

Figure 7: Fertility and Female Labor Force Participation in Europe, 2005



Ísland

Atvinnuþátta kvenna (vinstri ás) og fæðingartíðni neðst

Á Ísland samleið með ESB?

Hvægöxtur einhverstaðar í ESB á næstu áratugum? Nei ekki í heild.

David E. Bloom
David Canning
Günther Fink
Jocelyn E. Finlay

Harvard School of Public Health
Program on the Global Demography of Aging

Source: ILO Bureau of Statistics (2007), World Bank (2007)

Mynd: Atvinnuþátta kvenna og fæðingartíðni í löndum Evrópusambandsins og hinsvegar á Íslandi. Ísland sker sig alveg gersamlega út úr myndinni



Mynd: fæðingartíðni í Þýskalandi, stærsta landi evrusvæðis, frá 1970



Mynd: þróun einkaneyslu í Þýskalandi frá 1971



POPULATION THE ULTIMATE NON-RENEWABLE RESOURCE?



www.tilveraniesb.net

Mikilvægasta náttúruauðlind Evrópusambandsins í útrýmingarhættu. Fólkið sjálft.

Cesifo hugveitan hélt ráðstefnu um fólksfækkunarvandamál Evrópusambandsins í München í Þýskalandi árið 2007. Samkvæmt fyrirlestri prófessor Hans Werner Sinn þá vantar hin 15 gömlu lönd Evrópusambandsins 194 milljón innflytjendur fram til ársins 2035, til þess eins að viðhalda núverandi vinnuafli, sem þó er orðið frekar lítilfjörlegt og vesælt fyrir. Samkvæmt útreikningum Sameinuðu Þjóðanna þá er þessi tala miklu miklu hærri. Hún er svo há að ég þori ekki að nefna hana hér. Hvernig halda menn að hagvöxtur verði í svona Evrópusambandi? Hangvöxtur á evrusvæðinu hin síðastliðin 14 ár er næstum sá allra lélegasti í OECD – og ekki verður hann betri í framtíðinni.

Hin mikilvægasta og að því er virðist hin óendurnýjanlegasta auðlind Evrópu – fólkið sjálft. Náttúruauðlind í útrýmingarhættu

Þetta vandamál er óþekkt á Íslandi og verður svo á meðan Ísland heldur sér sem sjálfstæðu og fullvalda ríki á eigin

íslensku forsendum. Frelsið og sjálfstæðið er okkar dýrmætasta auðlind. Það virkar afskaplega vel, en það þarf að iðka það að staðaldri. Það þrífst ekki í spennitreyju Evrópusambandsins. Frelsið er eldsneyti hugans.

Tengt efni:

[Gleðifréttir úr gamla heiminum í ESB](#)

[Breytt mynd af ESB – höfuðstefna](#)